

5. gr.

Fé sjóðsins meðan því er óráðstafað sbr. 7. gr., skal ávaxta á jafn tryggan hátt og fé ómyndugra, og skulu reikningar sjóðsins gerðir árlega og endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga St. Jósefsspítala.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru, auk árlegra vaxta, hvers konar gjafir, áheit, svo og annað fé, er stjórn sjóðsins kann að afla honum.

7. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hjálpa lömuðum og fötluðum, sem dveljast í St. Jósefsspítala.

Stefnt skal að því með hjálp sjóðsins að útbúa æfingastöð fyrir lamaða og fatlaða í spítalanum, og skal æfingastöðin helguð minningu þeirra Luciu og Geirlaugar.

8. gr.

Verja má í samræmi við ofangreindan tilgang öllu fé sjóðsins, sbr. 3. gr., svo og tekjum sjóðsins sbr. 6. gr.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 27. apríl 1964,

Ástríður Bjarnadóttir, Bjarni Jónsson, Systir Hildegardis.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða og kristnitöku Íslendinga árið 1000, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dómsmálaráðherra 3. júní 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ljósavatnssjóð til minningar um Þorgeir Ljósvetningagoða.
og kristnitöku Íslendinga árið 1000.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjöf hjónanna Kristjáns Jónssonar og Rósu Guðlaugsdóttur, Fremstafelli, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Stofnféð má aldrei skerða.

2. gr.

Verkefni sjóðsins er:

- a. að veita aðstoð við endurbyggingu kirkju á Ljósavatni, er verði búin til vígslu á þúsund ára afmæli kristnitökunnar.
- b. að taka eftir efnum og ástæðum þátt í hverri annarri fjárfestingu, er til sóma gæti orðið þessum stað og söfnuði.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

- a. framlög þeirra, er vilja minnst Þorgeirs Ljósveitningagoða og kristnitökunnar og unna Ljósavatnsstað.
- b. áheiti og minningargjafir.
- c. vextir af innstæðum.

4. gr.

Biskupsskrifstofan í Reykjavík annast vörzlu, ávöxtun og reikningshald sjóðsins, og skulu reikningar hans endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni. Ákvörðun um ráðstöfun fjármuna hans hafa á hendi: Biskupinn yfir Íslandi, prófastur Suður-Þingeyjarprófastsdæmis og sóknarprestur Ljósavatnskirkju.

5. gr.

Reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júní 1964. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Jóns Ármanns Hallgrímssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jóns Ármanns Hallgrímssonar. Jón Ármann Hallgrímsson, nemandi í Hagaskóla, lézt af slysförum í júní 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag leikflokksins Rekkjan (Gunnar Eyjólfsson, **Herdís Þorvaldsdóttir**, Klemenz Jónsson) kr. 8550.00, er var ágóði af sýningu samnefnds leikrits í Hagaskóla 21. okt. 1962, svo og kr. 5620.81, innstæða í sparisjóðsbók Jóns Á. Hallgrímssonar, er foreldrar hans afhentu sjóðnum.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: 1. Að minnsta kosti 5% af árlegum nettótekjum alls skemmtana- og félagslífs Skólafélags Hagaskóla (er þá átt við áður en greiddir eru ferðastyrkir). 2. Gjafir og önnur framlög, sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að efla félags- og menningarstarfsemi nemenda Hagaskóla, einkum á sviði leiklistar og tónlistar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: 1. Skólastjóri Hagaskóla eða kennari, tilnefndur af honum. 2. Hallgrímur Jakobsson, faðir Jóns Á. Hallgrímssonar, meðan hans nýtur við og síðan sá, er nánustu ættingjar tilnefna. 3. Fulltrúi nemenda skólans, tilnefndur árlega af stjórn skólafélagsins.